

# Aðalfundur faghóps um rafræna opinbera þjónustu

10. febrúar 2011 kl. 17:00

## Dagskrá

1. Kosning fundarstjóra og ritara
2. Skýrsla stjórnar
3. Umræða um skýrslu stjórnar
4. Breytingartillaga á skipan í stjórn
5. Kosning stjórnar
6. Önnur mál
  - a. Hugmyndir um starfsemi hópsins 2011

## Fundargerð

1. Fundarstjóri var kosinn Bragi L. Hauksson og ritari Sigrún Eva Ármannsdóttir
2. Lesin var upp skýrsla stjórnar
3. Engar umræður spunnust í kringum skýrslu stjórnar og var hún samþykkt án breytinga.
4. Borin var upp á fundinum eftirfarandi breytingartillaga formanns við 3. grein stofnsamþykktar faghópsins. Breytingarnar eru feitletraðar:

**Núverandi grein:** Aðalfundur skal boðaður með a.m.k. tveggja vikna fyrirvara og skal haldinn í tæka tíð fyrir aðalfund SKÝ. Hann hefur á dagskrá tvo fasta liði auk annarra mála, frágang skýrslu til stjórnar SKÝ og stjórnarkjör. Stjórnin er kosin til eins árs í senn og er skipuð fimm mönnum, formanni og fjórum meðstjórnendum sem skipta með sér verkum eftir þörfum.

**Breytingartillaga formanns:** Aðalfundur skal boðaður með a.m.k. tveggja vikna fyrirvara og skal haldinn í tæka tíð fyrir aðalfund SKÝ. Hann hefur á dagskrá tvo fasta liði auk annarra mála, frágang skýrslu til stjórnar SKÝ og stjórnarkjör. Stjórnin er kosin til eins árs í senn og er skipuð **fimm til sjö** mönnum, formanni og fjórum til sex meðstjórnendum sem skipta með sér verkum eftir þörfum. **Æskilegt er að ríki, sveitarfélög, félagasamtök og fyrirtæki eigi fulltrúa í stjórninni í sem jöfnustum hlutföllum.**

Breytingartillagan var samþykkt með öllum atkvæðum fundar.

5. Eftirfarandi 6 aðilar voru kosnir í stjórn skv. nýsamþykktri breytingartillögu formanns með öllum atkvæðum samþykktum:
  - a. Halla Björg Baldursdóttir – formaður, Þjóðskrá Íslands
  - b. Eggert Ólafsson, Reykjavíkurborg
  - c. Guðfinna B. Kristjánsdóttir, Garðabær
  - d. Örn S. Kaldalóns, ICEPRO
  - e. Stefán Þór Stefánsson, TM Software
  - f. Sigrún Eva Ármannsdóttir, Skýrr

6. Undir liðnum önnur mál var áætlað að ræða um hugmyndir að starfsemi hópsins fyrir starfsárið 2011. Ákveðið var af fundarmönnum að vísa þessum lið til nýrrar stjórnar. Einnig var fráfarandi stjórnarmönnum þökkuð góð störf á þessu fyrsta starfsári faghópsins.

Fundi slitið.

Reykjavík 10.02.2011

Ritari fundar,

Sigrún Eva Ármannsdóttir